

Vinnsla og vörupróun
Processing and Product
Development

Líftækni
Biotechnology



Matvælaöryggi
Food Safety



Oxun í fiskvöðva – Hlutverk fosfólípíða, próteina, andoxunarefna og áhrif suðu á oxun í fiskvöðva

Rósa Jónsdóttir
Margrét Bragadóttir
Guðrún Ólafsdóttir

Líftækni

Skýrsla Matís 08-08
Apríl 2008

ISSN 1670-7192

Titill / Title	Oxun í fiskvöðva - Hlutverk fosfólípíða, próteina, andoxunarefna og áhrif suðu á oxun í fiskvöðva		
Höfundar / Authors	Rósa Jónsdóttir, Margrét Bragadóttir ¹ , Guðrún Ólafsdóttir ² ¹ Menntasvið og Leikskólasvið Reykjavíkurborgar ² Rannsóknáþjónustan Sýni ehf		
Skýrsla / Report no.	08 - 08	Útgáfudagur / Date:	Apríl 2008
Verknr. / project no.	2416-1667		
Styrktaraðilar / funding:	Rannsóknasjóður RANNÍS		
Ágrip á íslensku:	<p>Markmið verkefnisins var að auka skilning á áhrifum oxunar í fiskvöðva sem rýra bragðgæði og næringargildi fisks. Metin voru áhrif viðbættra náttúrulegra þrávarnarefna eða andoxunarefna til að bæta stöðugleika fiskafurða og þannig auka möguleika á notkun fisks í tilbúna rétti. Fosfólípíða líkan úr þorski var notað til að skoða áhrif þráhvata (blóðrauða úr þorski og bleikju) og þráhindra í vökvafasa úr loðnu og úr íslenskum þörungum. Einnig voru skoðuð áhrif suðu og viðbættra þrávarnarefna á bragðeiginleika og myndun svokallaðs upphitunarbragðs í soðnu fiskhakki.</p> <p>Áhrif oxunar á himnubundin fosfólípíð og prótein í fiskvöðvalíkani og í fiskhakki við hitun og geymslu voru mæld með skynmati, litmælingum, hefðbundnum þránunarmælingum (TBA), gasgreinimælingum til að bera kennsl á rokgjörn lyktarefni og hárpípu rafdrætti (capillary electrophoresis, CE) til að greina peptíð og aminosýrur sem áhrif hafa á bragð og lífvirkni. Skoðuð voru tengsl á milli þessara þátta til að skýra og skilja betur oxunarferli í fiskvöðva og þá þætti sem takmarka geymsluþol tilbúinna fiskafurða. Helstu neikvæðu áhrif oxunar á gæði fisks voru myndun lyktarefna, aðallega aldehyða, sem eru niðurbrotsefni fitusýra. Himnubundna fitan í mögnum fiski getur því haft mikil áhrif á bragðgæði tilbúinna matvæla þrátt fyrir að vera í litlu magni. Oxunarhvatari eins og blóð í holdi og suða leiddu til hraðari oxunar, sem sýnir að með réttri blóðgun og mildri hitameðferð mætti takmarka oxun og viðhalda betur bragðgæðum fisks. Auk þess má draga úr oxuninni með notkun á andoxunarefnum. Mælingar á andoxunarvirkni loðnusoðs í fiskvöðvalíkani sýndu að breytilegir ytri þættir eins og árstíðasveiflur og meðhöndlun loðnuháefnis geta haft áhrif á andoxunarvirkni. Nýnæmi í þessu verkefni eru grunnrannsóknir á áhrifum þráhindra úr loðnu og þörungum ásamt breytingum sem verða á niðurbrotsefnum við suðu sem hafa bein áhrif á bragðgæði vörunnar. Rannsóknnum á þessu sviði er haldið áfram í nýjum verkefnum þar sem lögð er áhersla á að skoða betur náttúrleg andoxunarefni úr loðnu og þörungum, sem og heilsuþætandi áhrif þeirra.</p>		
Lykilorð á íslensku:	Oxun, andoxunarefni, þráhvatari, bragðgallar í soðnum fiski, þorskur, loðna		

Summary in English:

The aim of the project was to study the effect of heating on oxidation of phospholipids, and the role of antioxidants in fish muscle to influence sensory quality and nutritional value. A phospholipid model from cod was used to study the effect of pro-oxidants (hemoglobin from cod and trout) and antioxidants in aqueous fraction of capelin and in seaweed extracts. The effect of heating and the addition of antioxidants on the sensory quality and the development of warmed-over-flavour (WOF) in fish mince were also studied.

The development of degradation compounds in washed cod model system during storage and heating was studied by sensory analysis, colour measurements, traditional lipid oxidation analysis (TBA) and gas chromatography analysis to identify volatile compounds. Capillary electrophoresis (CE) was applied for the analysis of peptides and amino acids that influence the sensory quality and bioactivity. The correlation between these analyses was studied to better understand the oxidation processes in fish muscle and to explain factors reducing the shelf life of ready-to-eat fish products. Quality defects related to oxidation of polyunsaturated fatty acids and formation of volatile compounds like aldehydes contributing to rancidity and colour changes were enhanced by pro-oxidative effects of blood and cooking. Membrane bound phospholipids are therefore of concern as precursors for off flavour and quality defects in lean fish despite of low fat content. Capelin broth appeared to have antioxidant effects in fish model system whereas press juice from whole capelin exhibited pro-oxidant effects. The outcome of this project is increased knowledge on oxidation in fish muscle to underpin the development of healthy and tasteful fish products of high sensory quality and nutritional values fulfilling the needs of consumers. Continued studies have been established in new projects to further characterise the antioxidant properties and possible health effects of capelin and seaweed extracts.

English keywords: *oxidation , antioxidants, pro-oxidants, warmed over flavour (WOF), cod, capelin*

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	1
MARKMIÐ	2
STAÐA ÞEKKINGAR	2
RANNSÓKNARHUGMYND VERKEFNISINS	13
RANNSÓKNARAÐFERÐIR	13
VERKÞÆTTIR OG NIÐURSTÖÐUR	15
Fosfólípíða módelkerfi úr þorski (<i>Gadus morhua</i>) – Þráahvatar úr blóði bleikju og þorsks	16
Áhrif andoxunarefna úr vökvafasa loðnu í fósólípíða módelkerfi úr þorski	18
Skilgreining á innihaldsefnum og andoxunavirkni í vökvafasa loðnu og þorsks	19
Áhrif suðu, upphitunar og viðbættra þráahindra í þorskhakki og þorskvöðvamódeli.....	21
ÁLYKTANIR OG UMRÆÐUR - ÁVINNINGUR	22
HEIMILDASKRÁ*	26
VIÐAUKI I	33
Skrá yfir greinar í vísindarit, bókarkafla, birtar skýrslur, fyrirlestra og veggspjöld	34
VIÐAUKI II	42
Research methods and materials	43
Methods for preparation of washed cod muscle and phospholipids model system	43
Bleeding of fish	43
Preparation of hemolysate	43
Quantifying hemoglobin levels in hemolysate	43
Washed cod muscle and phospholipids model system.....	43
Preparation of oxidation system.....	44
Heating of oxidation system.....	44
Chemical analysis.....	44
Proximate analyses	44
pH	45
TVC.....	45
TVB-N.....	45
Methods to monitor lipid oxidation.....	45
Peroxide value	45
Measurement of red color (a^*).....	45
Thiobarbituric Reactive Substances (TBARS)	46
Sensory analysis	46
Gas Chromatography analysis	47

Headspace Solid Phase Microextraction (HS-SPME) / Gas Chromatography analysis (GC-O and GC-FID)	47
TENAX pre-concentration and Gas Chromatography-Mass Spectrometry	47
Gas Chromatography-Olfactometry	48
Gas Chromatography-Mass Spectrometry	48
Optimization and validation of the SPME method	48
Data analysis	49
Capelin	50
Proximate analyses of capelin	51
TVN - total volatile nitrogen	51
Protein content of aqueous fractions	51
Antioxidant assays	51
Chelating capacity	51
DPPH radical scavenging capacity	52
Oxygen Radical Absorbance Capacity (ORAC)	52
Peptide analysis by Capillary Electrophoresis (CE)	53
Materials	53
Preparation of the low-molecular-weight peptide and free amino acid fraction	53
Capillary electrophoresis analysis (CE)	54
VIÐAUKI III	55
Mælingar á lyktarefnum í þorskvöðvamódeli og þorsksoði. Bestun (optimisation) og mat á aðferð fyrir HS-SPME-GC-O og GC-FID	56
VIÐAUKI IV	64
Analysis of amino acids and peptides using capillary electrophoresis _	65
VIÐAUKI V	72
The effect of heating and the use of antioxidants in washed cod muscle system and cod mince	73
The effect of thermal treatment on oxidation in washed cod model system	73
Antioxidant activity of seaweed in cooked cod fish mince	75

INNGANGUR

Neysla á tilbúnum matvælum hefur aukist mjög í Evrópu á undanförunum árum. Neytendur gera síauknar kröfur um framboð á tilbúnum matvælum án þess þó að varan glati mikilvægum eiginleikum eins og næringarinnihaldi og bragðgæðum. Jafnframt því eru auknar kröfur gerðar um ferskleika og aukið geymsluþol. Til þess að matvælafyrirtæki eigi auðveldara með að sinna kröfum markaðarins um framboð á hollum fiskréttum er ljóst að afla þarf meiri þekkingar á stöðugleika tilbúinna fiskréttanna og áhrif suðu á gæði afurða. Það sem einkum er takmarkandi við notkun á fiski í forhitaða tilbúna rétti er að fiskur er mjög viðkvæm vara vegna háa hlutfalls af fjölómettuðum fitusýrum (FÓFS) sem geta oxast og valda óbragði.

OXIFISH verkefnið var styrkt af Rannsóknasjóði Rannís og unnið í tengslum við Evrópuverkefnið LIPIDTEXT sem er hluti af SEAFOODplus verkefninu í 6.RÁ ESB (www.seafoodplus.org). Rannsóknarhugmynd verkefnisins er nátengd rannsóknum í LIPIDTEXT verkefninu sem fjalla um hvernig koma megi í veg fyrir þránun í fiski til að viðhalda gæðum bæði hvað varðar næringarþætti og gæðaeiginleika. Matís (áður Rf) er þátttakandi í verkefninu, en einungis er um að ræða samskiptastyrk en ekki fjármagn til rannsókna. Hugmyndin var því sú að móta rannsóknarverkefni með íslenskum fisktegundum, rannsóknaráherslum og niðurstöðum til hagnýtingar fyrir íslenskan fiskiðnað og jafnframt styðja við uppbyggingu á rannsóknatengdu námi. Sérstaða þessa verkefnis umfram áherslur LIPIDTEXT verkefnisins felst í eftirfarandi:

- Aukinn skilningur á oxunarbreytingum í fiskvöðva þar sem áhersla er lögð á grunnrannsóknir á virgni þráhvata (úr blóðrauða bleikju og þorsks) og þráhindra eða andoxunarefna í vökvafasa loðnu og í þörungum sem ekki hafa verið skoðaðir áður með þessum hætti.
- Grunnrannsóknir á oxunarbreytingum við suðu, sem hafa bein áhrif á lykt og bragðgæði vörunnar fyrir neytendur, er skref umfram þær rannsóknir sem gerðar hafa verið í LIPIDTEXT verkefninu.
- Mælingar á rokgjörnum efnum til að fylgjast með framvindu oxunar í fosfólípíðamódelkerfi og greining á þeim efnum sem áhrif hafa á myndun bragð og lykt tengdum suðu og hvataðri oxun er sérstaða í okkar rannsóknum.

Hluti af niðurstöðum verkefnisins hafa nú þegar verið birtar eða eru í birtingarferli sem greinar í vísindaritum, í skýrslum og sem erindi og veggspjöld á alþjóðlegum ráðstefnum (sjá Viðauka I). Í þessari lokaskýrslu verkefnisins er gerð grein fyrir stöðu þekkingar, verkþáttum verkefnisins, helstu niðurstöðum og vísað í birtar greinar, en auk þess eru niðurstöður frá síðasta ári verkefnisins og samantekt og mat á rannsóknaraðferðum í viðaukum. Ennfremur er hér gerð grein fyrir ávinningi verkefnisins og næstu skrefum.

MARKMIÐ

Markmið verkefnisins var að skoða áhrif oxunar á himnubundin fosfólípíð, prótein og þráahindra/þráahvata í fiskvöðva sem hafa áhrif á bragðgæði og næringargildi fisks. Einnig að kanna áhrif ytri þátta eins og suðu og notkun viðbættra þráavarnarefna eða andoxunarefna á oxun og myndun bragðgalla í soðnum þorski.

STAÐA ÞEKKINGAR

Þránun í kjöti og fiski er almennt álitin byrja í himnubundinni fitu (Decker og Xu, 1998) og rannsóknir Undeland, Hultin og Richards (2002) benda þar að auki til þess að oxun í fiski sé óháð fituinnihaldi fisksins því viðbót þríglýseríða í fosfólípíða-módeli af þvegnu þorskhakki (FMPÞ) hraðaði ekki hemóglóbín-hvataðri oxun. Hins vegar fundu sömu höfundar út að oxun jókst í FMPÞ við þvottinn á þorskhakkinu (Undeland, Ekstrand og Lingnert, 1998; Undeland, Hultin og Richards, 2003) sem benti til þess að þvotturinn skolaði út andoxunarefnum úr vöðvanum. Í rannsókn Undeland o.fl. (2003) kom fram að vökvafasi sem unninn var úr hvítum þorskvöðva dró verulega úr hemóglóbínhvataðri oxun eða hindraði hana algerlega. Efnin sem höfðu þessa hindrandi virkni voru stöðug gagnvart hita en virkni þeirra var örlítið minni við lækkað pH. Sömu andoxunareiginleikar fundust í hituðum vökvafasa úr ýsu, sandkola og vetrarkola (*Pleuronectes americanus*). Nýlega komu svo fram niðurstöður sem benda til þess að þráahindrandi efni úr vökvafasa síldarvöðva séu hitaþolin og því ekki af ensímtoga (Sannaveerappa, Undeland og Sandberg, 2004).

Þessar niðurstöður koma heim og saman við íslenskar niðurstöður á vatnsleysanlegum efnum úr loðnumjöli sem er hitað við vinnslu (Margrét Bragadóttir, 2001). Þrátt fyrir hitunina inniheldur loðnumjöl fituleysanleg andoxunarefni en þó mun minna en fersk loðna (Bragadóttir, Pálmadóttir og Kristbergsson, 2000). Vatnsleysin efni úr loðnumjöli sýndu

andoxunarvirkni í línolsýrumódeli og nánari mælingar á þeim sýndu að þau reyndust innihalda virk vatnsleysanleg andoxunarefni af flokki fenóla (Margrét Bragadóttir, 2004). Fenólsambönd finnast oft í miklu magni í jurtaríkinu og eru einna þekktust í kryddjurtum, tei og rauðvíni. Vaxandi áhugi á þessum efnum tengist ekki bara andoxunareiginleikum í matvælum heldur einnig í lifandi frumum og víðtækum áhrifum á heilbrigði fólks. Því er áhugavert að rannsaka áhrif fenólsambanda á oxun í fiski og sérstaklega ef þau finnast náttúrulega í vökvafasa fiska eins og loðnu. Fersk loðna er auk þess áhugaverð til rannsókna vegna þess að hún hefur ólíkt öðrum sambærilegum uppsjávartegundum mjög langt geymsluþol í frysti (Jangaard, 1974; Shaw og Botta, 1977; Botta, Lauder, Downey og Saint, 1983).

Hingað til hefur FMBÞ módelið einkum verið prófað til þess að fylgjast með oxun sem er hvötuð af blóðrauða (hemoglóbíni) úr regnbogasilungi en einnig hefur verið prófaður blóðrauði úr tveimur uppsjávartegundum; makríl (*Scomber scombrus*) og meinhaddi (*Brevoortia tyrannus*), auk ufsa (*Pollachius virens*) og vetrarkola (*Pleuronectes americanus*) (Undeland, Kristinsson og Hultin, 2004). Áhugavert er að prófa módelið með blóðrauða úr tveimur íslenskum eldisfisktegundum; bleikju og þorski, með það að markmiði að rannsaka hvort blóðrauði úr þessum ólíku fisktegundum framkalli mismunandi myndefni oxunar og/eða mismikla oxun. Í þessu verkefni var kannað hvort þorskur innihaldi vatnsleysanleg andoxunarefni og hvort þau misstu virkni sína við suðu. Einnig voru gerðar rannsóknir á andoxunarvirkni í ferskri loðnu sem ólíkt flestum feitum uppsjávarfiskum er þekkt fyrir stöðugleika og langt geymsluþol gagnvart oxun.

Vökvafasi, sem unninn er úr fiskvöðva, inniheldur leysanleg prótein (sarcoplasmic próteins), ensím, fjölpeptíð, amínósýrur, blóðþætti, amín (trimethylamine oxide og biogenísk amín), nukleótíð og ólífræn steinefni, en mörg þessara efna hafa andoxunarvirkni (Hultin, 1992a, 1994; Undeland 1997a) (Tafla 1). Carnosine, anserine og ophidine eru dípeptíð sem eru meðal þeirra fáu peptíða sem fundist hafa í fiski-extracti. Þau innihalda öll histidine og hafa sum sýnt þráhindravirkni (Decker og Xu, 1998). Glutapíon er þrípeptíð (γ -Glu-Cys-Gly) sem einnig er þekkt sem þráhindrar. Carnosine, anserine og glútanpíon verða ekki fyrir miklum áhrifum hitameðferðar en minnka við geymslu á makríl, vígabláma (bluefish) og kalkún (Decker og Xu, 1998). Fjölamínin putrescine, spermidine og spermine, sem finnast í nær öllum vefjum dýra, hindra þránun og eykst virknin með auknum fjölda amínhópa (t.d.

spermine>spermidine> putrescine). Þvagsýra er efnasamband sem inniheldur amín og hefur þráavarnarvirkni. Hlutverk fjölamína og þvagsýru sem þráahindra er lítt þekkt. Auk þráahindra og/eða þráahvatavirkni geta bæði aminosýrur og peptíð gefið bæði sætt og beiskt bragð.

Tafla 1. Þættir sem eru til staðar í fiskvöðva og hvetja eða hindra oxun .


Hvarfefni fyrir oxun	Hvatar	Hindrar / Andoxunarefni
Ómettaðar fitusýrur	Málmar (Fe/Cu) Ensím (t.d. lipoxygenasi LOX)	<i>Fitusæknir þráahindrar</i> (Lipophilic antioxidants) <ul style="list-style-type: none"> • Fenólsambönd • α-tocopherol • carotenoids
Prótein	Prótein sem innihalda járn (Hemoglóbín, myoglobín)	<i>Vatnssæknir þráahindrar</i> (hydrophilic antioxidants) <ul style="list-style-type: none"> • Fenólsambönd • Glutathione • C vítamin (ascorbate) • Peptíð, fjölamín carnosine (β-alanyl-L-histidine) anserine (β-alanyl-1-methyl-L-histidine), ophidine (β-alanyl-3-methyl-L-histidine) • fríar aminosýrur (histidine) • Þvagsýra (urea)
Súrefni		<i>Þráahindraensím</i> <ul style="list-style-type: none"> • superoxide dismutase. • glutathione peroxidase o.fl. geta fjarlægt virka súrefnis radicala, vetnisperoxíð og fituperioxíð <ul style="list-style-type: none"> • Q-10 (ubiquinone)

Oxun - víxlverkun fitu og próteina í fiskvöðva

Breytingar af völdum oxunar eða þránunar lípíða eru oft ein helsta ástæða fyrir gæðarýrnun matvæla. Þránun veldur þráabragði og ólykt auk þess sem æskileg bragð- og lyktareinkenni tapast. Þránun veldur einnig breytingum á lit, dregur úr næringargildi og veldur myndun stakeinda (free radicals) sem geta haft heilsufarsleg skaðleg áhrif vegna hvarfgirni sinnar (Grey, Gomaa og Buckley, 1996).

Í upphafsfasa oxunar myndst lípíðstakeind sem hvarfast við súrefni og myndar fitusýrustakeind (RO•) sem síðan getur hvarfast við aðra fitusýru og myndað hydroperoxíð (ROOH) í útbreiðslufasanum (Mynd 1). Hydroperoxíðin, sem kallast 1^o myndefni fituoxunar, eru lyktarlaus en brotna auðveldlega niður í 2^omyndefni eins og aldehyð, alkóhól og ketóna sem valda lykt. Í síðasta skrefi útbreiðslufasans myndast lípíðstakeind (R•) og þar með er

kominn grundvöllur fyrir keðjuverkandi efnahvörf. Lokastig oxunar er efnahvarf tveggja stakeinda með myndefni sem ekki getur fódrað útbreiðslufasann.



Mynd 1. Upphaf, útbreiðsla og lok sjálfoxunar. RH = fitusýra; R• (fitusýrustakeind); ROO• (peroxíð stakeind); H• = vetnisstakeind; ROOH = hydroperoxíð; M = málmur, t.d. járn (Fe) eða kopar (Cu).

Oft hefur verið litið á *post mortem* breytingar á fitu og próteinum í vöðva sem aðskilin vandamál en í raun er um víxlverkun á milli próteina og fitu að ræða. Oxun himnubundinnar fitu getur leitt til oxunar á öðrum efnum eins og próteinum og þrávarnarefnum í vöðva. Slík efnahvörf eyðileggja ekki aðeins fitu, prótein og þrávarnarefni heldur geta myndað rokgjörn efni sem valda þráalykt, virkja próteasa (mýkja vöðva), krossbinda prótein og mynda litarefni. Bæði innri og ytri þættir hafa áhrif á umfang þessara víxlverkana. Dæmi um innri þætti eru hlutfall eðlissviptra próteina, skautun lípíða og magn fjölómattaðra fitusýra. Af ytri þáttum skiptir geymsluhiti mestu máli (Belitz og Grosch, 1987; Undeland, 1997b). Óæskileg myndun fiski- og þráalyktar/bragðs sem myndast vegna þessara efnahvarfa draga úr möguleikum á vinnslu og geymslu ýmissa fiskrétta og fiskafurða.

Tichivangana og Morrissey (1982) sýndu fram á að bæði þríglyseríð og fosfólípíð oxast í fiskvöðva og geta valdið myndun svokallaðs upphitunarbragðs (warmed over flavor, WOF) við geymslu eftir suðu. Makrill, sem er feitur fiskur, þránaði mest og upphitunarbragð var greinilegra eftir suðu í samanburði við magra fiska eins of þorsk, ýsu, lýsing og millifeita

fiska eins og leirslabba (e. bream), kola og regnbogasilung. Magur fiskur, eins og þorskur, getur líka orðið fyrir þránun því hann inniheldur hlutfallslega meira af himnubundnum fosfólípíðum í vöðva og þar með meira af löngum fjölómettuðum fitusýrum sem eru viðkæm fyrir þránun. Fosfólípíð eru einn helsti flokkur himnubundinna lípíða og innihalda mjög hátt hlutfall langra fjölómettaðra fitusýra. Þau eru því viðkvæmari fyrir þránun heldur en þríglýseríð í forðafitu, sérstaklega þegar búið er að vinna fiskinn á einhvern hátt því þá hafa súrefni og hvatar, eins og járn úr blóði, meira aðgengi að fitusýrunum (Hultin og Kelleher, 2000; Frankel, 1998).

Uppsöfnun óbundinna fitusýra við geymslu í frysti getur haft neikvæð áhrif á gæði fisks (Hultin, 1992b). Uppsöfnun óbundinna fitusýra frá þríglýseríðum eða fosfólípíðum hefur verið tengd við eðlissviptingu próteina og áferðabreytingar, sérstaklega við frostgeymslu. Óbundnar fitusýrur frá þríglýseríðum eða fosfólípíðum eru viðkvæmari fyrir oxun en estraðar fitusýrur. Óbundnar fitusýrur geta valdið myndun aukabragðs, eyðileggingu ákveðinna vítamína og aminosýra, breytingum á áferð og vatnsbindigetu ásamt því að breyta ferli lípíðoxunar.

Hvötuð oxun við suðu - upphitunarbragð

Myndun upphitunarbragðs (WOF) hefur verið rannsakað mikið í kjöti, frosnu hökkuðu kjöti og unnum kjötvörum en hefur lítið verið skoðað í fiski. Upphitunarbragð er bragðgalli sem kemur einkum fram í upphituðu kjöti og fiski eftir undanfarandi geymslu í kæli í 48 klst eða minna. Upphitunarbragð er lýst sem skemmdarlykt, sem minnir á pappa, málningarlykt eða þráa (Love, 1988).

Hitun veldur hvötnun á oxun fosfólípíða með því að; a) afmynda himnur sem í óhituðum frumum binda fosfólípíð og þráhvata, b) losa virkt járn frá mýóglóbíni og öðrum próteinum sem innihalda járn, c) breyta mýóglóbíni í gerð sem veldur oxun, d) örva niðurbrot vetnisperoxíða og loks með því að e) afmynda ensímatísk andoxunarkerfi (Mielche og Bertelsen, 1994). Í kjöti sem inniheldur hátt hlutfall af fjölómettuðum fitusýrum (FÓFS) er líkleggra að myndist upphitunarbragð samkvæmt Cross, Leu og Miller (1987) sem sýndu fram á að hraði myndunar á upphitunarbragði í eftirfarandi afurðum var í beinu sambandi við innihald þeirra af FÓFS: fiskur > kjúklingar > svínakjöt > nautakjöt > lambakjöt. Jafnframt hefur verið sýnt fram á að mismunandi mikil tilhneiging milli tegunda til þránunar í forsoðnu kjöti megi einnig rekja til mismunar í innihaldsmagni á járn og náttúrulegum þráhindrum eins og α -tókóferóli auk mismunar í fjölómettuðum fitusýrum (Mielche og Bertelsen, 1994).

Sumar rannsóknir benda til þess að með suðu sé ensímvirkni hindruð og geymsluþol geti því orðið lengra en fyrir ferskan fisk (Refsgaard, Brockhoff og Jensen, 1998; 2000). Fleiri rannsóknir benda hins vegar til aukinnar oxunar eftir suðu m.a. vegna þess að við suðu rofna frumuhimnur, himnubundin prótein eðlissviptast og fitusýrurnar verða aðgengilegri fyrir t.d. súrefni, járn og aðra þráahvata, en jafnframt eyðileggjast ensím og annars konar oxunarferlar fara í gang eins og áður var lýst. Talið er að þessi áhrif geri “heme” einingu hemóglóbíns opnari og því virki afmyndun þess með suðu þráahvetjandi (Hardy, 1980; Flick, Hong og Knobl, 1992; Undeland o.fl., 1998). Óbundið járn getur þá auðveldlega oxast ($\text{Fe}^{2+} \rightarrow \text{Fe}^{3+}$) og um leið myndast óbundnar stakeindir úr fitusýrum.

Rannsóknir á hitun eða suðu á fiski hafa sýnt mismunandi áhrif á þránun (Hardy, 1980; Undeland o.fl., 1998). Undeland o.fl. (1998) fundu út að forsuða óvirkjaði þráahvetjandi ensím í hakkraðri síld. Hins vegar dró úr virkni þráahindra og virkni hemópróteina örvaðist, og almennt kom fram hitaörvandi hvötun á þránun. Undantekningin var hitun undir 60 °C en þar leit út fyrir að meirihluti vatnsleysanlegra þráhvata af ensímatískum uppruna væri óvirkjaður án þess að hemprótein afmynduðust. Rannsóknir á kjúklingum hafa einnig sýnt minni þránun við hitastig undir 60°C (Skipsted, Mikkelsen og Bertelsen, 1998). Hins vegar getur lægsta hitastig til þess að koma í veg fyrir upphitunarbragð mögulega valdið vandamálum varðandi öryggi af völdum örvera. Hitun við hærra hitastig en 100°C dregur úr upphitunarbragði, vegna myndunar á brúnum efnunum af Maillard gerð sem hafa andoxunarvirkni (Bailey, 1988). Aftur á móti getur matseld við hátt hitastig dregið úr öðrum gæðabáttum sem gætu haft öfug áhrif á skynmat vegna minni vatnsbindieiginleika og mikillar brúnunar.

Rokgjörn lyktarefni

Fiskibragð/lykt, málmbragð/lykt og upphitunarbragð/lykt er notað til að lýsa aukabragði/lykt af völdum oxunar í mismunandi tegundum matvæla (Jacobsen, 1999). Niðurbrotsefni oxunar á fjölómettuðum fitusýrum hafa verið tengd við myndun þessara lyktareinkenna og hafa mikið verið rannsökuð í ferskum og frystum fiski en minna í soðnum fiski. Stungið hefur verið upp á ýmsum efnunum til að fylgjast með framgangi oxunar og myndun upphitunarbragðefna í tengslum við þráabragð í soðnu kjöti t.d. pentanali, hexanali og 2,4-dekadienali (St Angelo, Vercelotti, Dupuy og Spanier, 1987). Í fiski hafa *cis*-4-heptenal (McGill, Hardy, Burt og Gunstone, 1974; Hardy, 1980), 2,4-dekadienal og 2,4,7-dekatrienal verið tengd við lýsisþráabragð í fiski og fiskafurðum (Meijboom og Stroink, 1972; Karahadian og Lindsay,

1989), en ljóst er að um samspil margra efna er að ræða sem einkenna bragðgalla vegna áhrifa oxunar (Lindsay, 1990; Ólafsdóttir og Fleurence, 1998).

Nokkrar rannsóknir á rokgjörnum niðurbrotsefnum í hitameðhöndluðum fiski hafa verið gerðar með það að markmiði að greina niðurbrotsefni sem gefa bestu vísbendingu um þrúnun. Medina, Satue-Gracia og Frankel (1999) fundu að magn af 2-ethylfuran reyndist best til að spá fyrir um oxun í fiski sem mælt var með hefðbundnum þrúnunarmælingum. Milo og Grosch (1995) skoðuðu áhrif frystigeymslu (-13 °C) á myndun bragðgalla í soðnum þorski og silungi og greindu mismunandi efni í þessum tegundum (acetaldehyde, dimethyl sulphide, dimethyl trisulphide og (Z)-1,5-octadien-3-one) í soðnum þorski (*Gadus morhua*) og acetaldehyde, propionaldehyde, methional, 1-octen-3-one og (Z)-1,5-octadien-3-one í soðnum silungi (*Salmo fario*). Þetta er áhugavert þar sem samsetning þessara tegunda er ólík, einkum hvað varðar fitusýrusamsetningu og hugsanlega þráhindra/hvata virkni í vöðva þessara tegunda. Þannig reyndust bragðgallar í þorski tengjast trimethylamine, butane-2,3-dione, methylpropanal og 2- og 3-methylbutanal (niðurbrotsefni frá aminosýrum), en í silungi voru það acetaldehyde, propionaldehyde, butane-2,3-dione, pentane-2,3-dione, og myndefni oxunar á fjölómettuðum fitusýrum (C6, C8, og C9 karbonýl sambönd) sem áttu þátt í bragðgöllum. Helsta bragðgallanum í þorski var lýst sem “malty” sem var tengt við aukningu í 3-methylbutanal sem er niðurbrotsefni frá aminosýrunni iso-leucine (Milo og Grosch, 1996).

Rannsóknir á niðurbrotsefnum oxunar eru gagnlegar til þess að skilja hvarfgang oxunar. Þannig er hægt að rekja niðurbrot ákveðinna fitusýra eða annarra efna út frá því hvaða niðurbrotsefni myndast og síðan út frá lyktareiginleikum og magni þessara efna eru bein tenging við bragð og lyktareiginleika sem metin eru með skynmati. Mörg lyktarefni í fiski eru til staðar í mjög litlu magni og erfitt er að greina þau nema að notast við lyktargreiningu (GC-O) þar sem lyktarskynfæri okkar eru mun næmari en skynjarar gasgreina. Á Mátis hafa verið stundaðir rannsóknir á rokgjörnum efnum í ferskum fiski (Guðrún Ólafsdóttir, Heiða Pálmadóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Emilía Martinsdóttir og Rán Jónsdóttir, 1993; Ólafsdóttir, Martinsdóttir og Jónsson, 1997; Ólafsdóttir, Jónsdóttir, Lauzon, Luten og Kristbergsson, 2005), verkuðum hrognum (Jónsdóttir, Ólafsdóttir, Martinsdóttir og Stefánsson, 2004), bragðefnum úr sjávarfangi (Jónsdóttir, Ólafsdóttir, Hauksson og Einarsson, 2007) og í reyktum laxi (Jónsdóttir, Ólafsdóttir, Haugen og Chaine, 2008). Borin hafa verið kennsl á einkennandi efni sem áhrif hafa á lyktareinkenni þessara afurða bæði með GC-O og GC-MS.

Viðbætt andoxunarefni

Eins og hér hefur verið rakið eru margir þættir sem hafa áhrif á oxun í fiskvöðva (Tafla 1). Notkun andoxunarefna í kjöti er betur þekkt en í fiski, t.d. notkun á nitríti. Þráavörn nitríts er álitin vera tilkomin vegna þess að það skapar stöðugleika í frumhimnum, það bindur járn og veiðir stakeindir í gegnum virkni nítríðoxíðs (Mielche og Bertelsen, 1994). Margar rannsóknir hafa sýnt að blanda af fjölfosfötum og askorbati hefur reynst hindra myndun upphitunarbragðs í kjöti með samvirkandi (synergískum) hætti (Bailey, 1988), en askorbat eitt og sér hafði þveröfug áhrif í soðnum hökkuðum fiski (Ramanathan og Das, 1992). Mörg þráavarnarefni hafa verið prófuð, bæði efnaframleidd og náttúruleg, með mjög misgóðum árangri (Bailey, 1988; Mielche og Bertelsen 1994). Fjöldi rannsókna hafa verið gerðar á virkni náttúrulegra andoxunarefna sem eru á markaði og seld til notkunar í tilbúnað kjötvörur. Sem dæmi má nefna, t.d. Grindox 1021 sem var prófað ásamt rosemary, rutine (glykosíð af quercetin flavonoli og tvísykrunni rutinose), erythroate (iso-askorbinsýra) og askorbinsýru til þess að draga úr þránun í þurrgerjuðum pylsum (Balev, Vulkova, Dragoev, Zlatanov og Bahtchevanska, 2005). Grindox dró mest úr þránun mælt sem PV og TBA, á meðan rutine dró helst úr hækkun PV og erythroate úr TBA. Annað dæmi er Herbalox, 250 ppm og Duralox, 200 ppm (blanda af kryddi, tókóferóli og sítrónusýru) frá Kalsec Inc sem voru prófuð í hakkað nautakjöt (Formanek, Kerry, Higgins, Buckley, Morrissey og Farkas, 2001). Kjötíð var af dýrum sem fengu E-vítamín í fóðri. Til samanburðar var BHA/BHT (10 ppm af hvoru). Bæði Duralox og Herbalox reyndust draga úr þránun í líku mæli og BHT/BHA.

Virgni andoxunarefna getur verið ólík við mismundandi aðstæður (Decker, Warner, Richards og Shahidi, 2005; Jacobsen, Let, Nielsen og Meyer, 2008). Andoxunarefni sem virkar vel í hreinni olíu getur virkað annan hátt við aðrar og flóknari aðstæður, eins og í þorskvöðva, þar sem eru til staðar fosfólípíð, vökvafasi, andoxunarefni og -hvatar (Tafla 1), en vinnsla eins og hökkun og suða breytir líka aðstæðum verulega og getur dregið úr virkni andoxunarefna. Þetta torveldar val á andoxunarefnum til notkunar í kjöti og fiski en reynslan sýnir að oft þarf að blanda saman þráhindrum með mismunandi virkni til þess að koma í veg fyrir þráhvötun og auka líkur á samvirkni þeirra.

Efnaframleidd, fituleysanleg andoxunarefni hafa ekki reynst draga verulega úr myndun upphitunarbragðefna í kjöti (Bailey, 1988) nema þá í mjög háum styrk (St Angelo o.fl. 1987). Það hefur litla hagnýta þýðingu því að í soðinn fisk má ekki nota efnaframleidd

andoxunarefni, nema tókóferól, askorbínsýru, sítrónusýru og sölt af þessum sýrum. Engin hámarksgildi eru fyrir þessi efni en gæta skal góðra framleiðsluhátta (GFH) við notkun aukefna (Reglugerð um aukefni í matvælum nr. 285/2002).

Virkni vatnsleysanlegra og náttúrulegra andoxunarefna eins og fenólsambanda og flavoníða, sem finnast oft í miklu magni í kryddjurtum, er líkt og með önnur andoxunarefni mismunandi eftir aðstæðum. Í rannsókn á soðnum hökkuðum makríl (*Scomberomorus commersoni*) (Ramanathan og Das, 1992) reyndust bæði fenólsambönd og flavoníðar (200 mg/kg) draga verulega úr þránun. Ef vatnsleysanleg andoxunarefni draga úr oxun í soðnum, feitum fiski eins og makríl er áhugavert að skoða það nánar, því fenólsambönd finnast náttúrulega í sjávarlífverum. Í íslenskri rannsókn (Margrét Bragadóttir, 2003) kom fram að þörungar innihalda fenólsambönd. Líklega má rekja fenólinnihald í vatnsleysanlegum efnunum í loðnumjöli til fæðu loðnunnar en hún lifir að mestu á rauðátu og krabbaflóm sem nærast á plöntusvifi í sjónum (Vilhjálmsson, 1994). Fenólsambönd hafa einnig fundist í ýmsum skeldýrum, en uppruni efnanna er talinn vera frá þörungum eða plöntusvifi (Pasquel og Babitt 1991). Í OXIFISH verkefninu og í framhaldsrannsóknum í tengslum við doktorsverkefni hefur athyglinni verið beint að andoxunarvirkni íslenskra þörungna.

Í rannsóknum í LIPIDTEXT verkefninu hafa verið prófuð ýmis fenólsambönd, bæði efnaframleidd (synthetic); propyl gallate (PG), buthylatedhydroxytoluene (BHT) og náttúruleg; cinnamic acid og catechin. Tafla 2 er yfirlit um virkni andoxunarefna og sýnir einnig byggingu þeirra sem útskýrir hæfileika þeirra til að hindra oxun. Niðurstöður frá Institute of Marine Research CSIC á Spáni sýndu áhugaverða virkni þessara efna í hakki af hestamakríl. Þegar prófuð voru andoxunarefni með ólíka efnabyggingu, sýndu niðurstöður að caffeic, catechin og PG (100 ppm) drógu mest úr þránun (mæld með TBA) í hökkuðum hestamakríl (4% fita) við 4°C. Nánari prófun á cinnamic sýruafleiðum sýndi að caffeic og ferulic sýrur (10 ppm) drógu mestu úr þránun (TBA) í hökkuðum hestamakríl (1,5% fita) við 4°C. Niðurstöður sýndu að mólíkúlbygging efnanna skiptir miklu máli fyrir þráavörnina (óbirtar niðurstöður, LIPIDTEXT). Þannig er catechol hópur mikilvægastur og aukinn fjöldi galloyl hópa minnkar virknina.













Erythroate og önnur vatnsleysin þráavarnarefni hafa einnig verið prófuð til þess að draga úr þránun í fiskafurðum. Fylgst var með oxun í vinnslu og við geymslu á síldarpróteinum sem unnin voru við pH 2.7 (Undeland, Hall, Wendin, Gangby og Rutgersson, 2005). Niðurstöður sýndu að erythroate með eða án fosfats (STPP-sodium tripolyphosphate) eða EDTA dró úr

þránun við vinnsluna. Við geymslu á ís dró mest úr þránun ef þráavarnarefnum var bætt út í síldarpróteinin bæði við vinnslu og geymlu og EDTA var notað í stað fosfats. Erythrobat og fosfat var notað í 200 ppm styrkleika en EDTA í 44 ppm.

Rannsókuð voru áhrif þráavarnarefna á oxun í hakkaðri og soðinni sardínu sem geymd var við 2 °C í 14 daga (Jittrepotch, Ushio og Ohshima, 2006). Viðbót EDTA (2500 ppm) jók oxun jafnt og þétt á meðan nítrít (10 ppm) og askorbat (2000 ppm) hindraði þránun verulega samkvæmt mælingum með PV og TBA. Þessi dæmi sýna að virkni andoxunarefna er mismunandi eftir ytri aðstæðum eins og pH og samvirkni andoxunarefna. Auk þess hefur komið í ljós í LIPIDTEXT verkefninu að virkni andoxunarefna eins og caffeic sýru er breytileg í mismunandi módelkerfum eins og þvegnu fiskhakki, ýrulausnum og lípósómum og þá skiptir líka máli leysanleiki þráhindra í vatns- eða fitufasa og burðarefni þeirra t.d. etanól (óbirtar niðurstöður).

Enn skortir verulega á skilning á andoxunarvirkni margra efna. Í Bandríkjunum hefur verið hafist handa við að mæla andoxunarvirkni matvæla á markaði með ORAC aðferð í þeim tilgangi að geta metið andoxunarvirkni fæðisins í heild (Wu, o.fl., 2004). Til eru ýmsar aðferðir til að mæla andoxunarvirkni og hver þeirra hefur sínar takmarkanir. Ólíkum aðferðum ber oft ekki fyllilega saman þar sem þær byggjast á mismunandi nálgunum og eru því takmarkaðar. Bent hefur verið á mikilvægi þess að þróa áreiðanlegar aðferðir sem geta metið og borið saman andoxunarvirkni mismunandi efna í viðeigandi módelkerfum (Decker o.fl., 2005; Laguerre, Lecomte og Villeneuve, 2007). Sum próf meta hversu vel andoxunarefni binda hvarfgjarna radikala (t.d. DPPH og ORAC) og önnur meta virkni til að binda málmjónir og einnig eru módelkerfi þar sem viðkvæm efni eins og beta-karótín oxast. Þetta módel hefur m.a. verið prófað á Matís með góðum árangri, en það hefur þann galla að einungis er verið að meta hvetjandi/letjandi áhrif efna á oxun einnar fitusýru (línólsýru).

Tafla 2. Virkni fyrsta og annars stigs andoxunarefna og dæmi um algeng efnaframléidd og náttúruleg andoxunarefni.

Virgkni 1° andoxunarefna (radical scavengers)	Virgkni 2° andoxunarefna
<p>Hremma fríar stakeindir (free radical scavengers) Veita auðveldlega vetnisatómum og mynda stöðugar stakeindir A• vegna “resonance” áhrifa</p> <p> $ROO\bullet + AH \rightarrow ROOH + A\bullet$ $RO\bullet + AH \rightarrow ROH + A\bullet$ $ROO\bullet + A\bullet \rightarrow ROOA$ $RO\bullet + A\bullet \rightarrow ROA$ </p> <p>Efnaframléidd andoxunarefni / þráhindrar:</p> <div style="display: flex; justify-content: space-around;"> <div style="text-align: center;">  <p>BHT (butylated hydroxy toluene)</p> </div> <div style="text-align: center;">  <p>Propyl gallate</p> </div> </div> <p>Náttúruleg andoxunarefni / þráhindrar:</p> <div style="display: flex; justify-content: space-around;"> <div style="text-align: center;">  <p>α-tocopherol</p> </div> <div style="text-align: center;">  <p>Flavone</p> </div> <div style="text-align: center;">  <p>Epicatechin (flavan-3-ol)</p> </div> </div> <div style="display: flex; justify-content: space-around; margin-top: 20px;"> <div style="text-align: center;">  <p>Cinnamic sýra</p> </div> <div style="text-align: center;">  <p>Caffeic sýra</p> </div> </div> <div style="display: flex; justify-content: space-around; margin-top: 20px;"> <div style="text-align: center;">  <p>Coumaric sýra</p> </div> <div style="text-align: center;">  <p>Ferulic sýra</p> </div> </div>	<p>Verka óbeint með því að: Hremma málma (metal chelators) Endurvirkja andoxunarefni með H+ Afoxa og óvirkja hvata (ekki radikala) Hremma súrefni (oxygen scavengers)</p> <ul style="list-style-type: none"> - Dæmi: EDTA, sítrónusýra, polyfosföt, ascorbic sýra (C-vít.), prótein, aminosýrur og polysaccharide - Allt eru þetta vatnsleysin efni - C-vítamín (ascorbic sýra) hefur margþætta virkni er t.d.: elektrónugjafi, málmhremmir, hremmir O₂ <div style="display: flex; justify-content: space-around; margin-top: 20px;"> <div style="text-align: center;">  <p>Ascorbic sýra</p> </div> <div style="text-align: center;">  <p>EDTA</p> </div> </div> <div style="text-align: center; margin-top: 20px;">  <p>Histidine</p> </div> <ul style="list-style-type: none"> - Dæmi um aminosýru með mikla andoxunarefni, sem tengist hæfni til að hremma málma og auk þess getur imidazole hringurinn bundið singlet súrefni.

RANNSÓKNARHUGMYND VERKEFNISINS

Rannsóknarhugmynd verkefnisins byggir á því að afla grunnþekkingar á oxun fiskvöðva sem nýtist til að tryggja bragðgæði og næringargildi fiskafurða og uppfylla þannig þarfir neytenda um hollan og bragðgóðan mat. Rannsóknin felst í því að nota fosfólípíðamódelkerfi til að skoða oxun í fiski vegna hvötunar frá blóðrauða og áhrif vatnsleysanlegra andoxunarefna. Einnig að skoða áhrif suðu sem hvetjandi þáttar við myndun bragðgalla í soðnum þorski.

Af hverju fosfólípíða módelkerfi?

Oxun fitu í matvælum er flókið fyrirbæri og margir þættir sem geta haft áhrif. Þess vegna er erfitt að rannsaka oxun, en til að einfalda er í staðinn stuðst við módelkerfi. Módelkerfi eru einsleit, oft byggð eingöngu á þriggjaþingum eða fitusýrum (oleic-, linoleic- og linolenic sýrur og EPA) og endurspegla því oft ekki oxun í flóknum kerfum eins og matvælum t.d. fiskvöðva.


Tilgátur um framgang og hraða oxunar eru byggðar á módelkerfum sem síðan eru sannreynðar í matvælum. Oxun himnubundinnar fitu í vöðva er um margt frábrugðin því sem gerist í einföldum módelkerfum byggð á fitu. Fosfólípíð í vöðva eru oft tengd próteinum, kolvetnum, ensímum, söltum, vítamínum og öðrum efnem sem geta virkað sem pro- eða antioxidantar. Þorskvöðvamódelið er vel skilgreint fosfólípíð módelkerfi sem inniheldur náttúrulega fitu úr þorskvöðva sem líkist raunverulegum aðstæðum og hentar því vel til að skoða oxun í mögnum fiski (Richards og Hultin, 2001; Undeland, o.fl., 2004; Decker o fl., 2005).

RANNSÓKNARAÐFERÐIR

Niðurbrotsefni í fiskvöðva sem myndast við hitun, geymslu og upphitun vegna oxunar, vatnsrofs og annarra efnabreytinga í fiskholdi voru mæld með skynmati, hefðbundnum þránunarmælingum (TBA), gasgreinimælingum til að bera kennsl á rokgjörn lyktarefni og hárpípurafdrætti (capillary electrophoresis, CE) til að greina peptíð og amínósýrur sem áhrif hafa á bragð og lífvirkni. Skoðuð voru tengsl á milli þessara þátta til að skilja betur oxunarferli í fiskvöðva og til að skýra betur hvaða bragðþættir takmarka geymsluþol tilbúinna fiskrétta (sjá ítarlega samantekt á aðferðum í Viðauka II).

Af hverju er þörf á mismunandi aðferðum til að meta oxun?

Oxun er mjög flókið ferli og nauðsynlegt er að beita mismunandi aðferðum til að fylgjast með framgangi oxunar og myndun niðurbrotsefna, sérstaklega þegar um er að ræða flókið kerfi eins og fiskvöðva (sjá mynd 2).



Mynd 2. Dæmi um framgang oxunar og niðurbrots á fitu og mismunandi mæliaðferðir. Súrefnisupptaka með Oxipres eða súrefniselektroðu. Fyrsta stigs niðurbrotsefni eru mæld sem peroxíðgildi (PV peroxide value). Mælingar á óbundnum fitusýrum gefa sýrugildi. Annars stigs myndefni (aldehyðar) eru mæld með TBA, skynmati og gasgreinimælingum (GC). Þriðja stigs myndefni eru fjölliður sem hægt er að mæla með flúrljómun, litamælingum og skynmati

Hefðbundnar oxunarmælingar:

Fylgst var með þránun með hefðbundnum mælingum á myndun annars stigs myndefna oxunar, TBA-gildi (TBARS-thiobarbituric reactive substances). Myndun peroxíða var mæld með ljósgleypnimælingum á útfjólubláa sviðinu við 232 nm, sem er mælikvarði á konjúgeraða díena (conjugated dienes, CD) og við 268 nm, sem er mælikvarði á konjúgeraða tríena (conjugated trienes-CT). Síðastnefnda aðferðin um mælingar á fitu á útfjólubláasviðinu hefur reynst gagnlegri en hefðbundin mæling á peroxíðgildi, því aðferðin er svo næm að hægt er að vinna með mjög lítið magn af fitu, eins og er um magrar fiskafurðir.

Gasgreinimælingar: Mælingar á lyktarefnum

Notaðar voru “headspace” einangrunaraðferðir þar sem rokgjörnum efnum er safnað á gildru (TENAX) og tveir gasgreinar (HP5890; HP GCD G1801C) með mismunandi nemum voru notaðir til að bera kennsl á lyktarefnin. Notaður var gasgreinir með massagreini (gas chromatography mass spectrometry, GC-MS) til að fá massaróf efnanna og þannig bera kennsl á þau. Lyktargreining með "sniffer" (gas chromatography olfactometry, GC-O) sem byggist á því að lykta af efnum þegar þau koma af gasgreinisúlunni var notuð til að bera kennsl á lyktarefni sem eru til staðar í mjög litlu magni en valda einkennandi þráa- og fiskilykt. Mörg lyktarefni í fiski eru til staðar í mjög litlu magni og erfitt er að greina þau nema að notast við lyktargreiningu við gasgreinimælingar (GC-O) þar sem lyktarskynfæri okkar eru mun næmari en skynjarar gasgreina. Fyrir þessar mælingar var gerð bestun og mat á aðferð (sjá viðauka III).

Greining á rokgjörnum lyktarefnum til að fylgjast með framvindu oxunar í fofólípíðamódelkerfi er nýnæmi þar sem sambærilegar rannsóknir hafa einungis skoðað framgang oxunar með hefðbundnum þránunarmælingum.

Skynmat var notað til að greina þránun þar sem þröskuldsgildi myndefna þránunar eru mjög lág og lyktarskynfæri fólks mun næmari en ýmiss tæki geta greint. Samanburður skynmats og efnamælinga á myndefnum lípíðoxunar er nauðsynlegur þáttur í slíkum rannsóknum.

VERKÞÆTTIR OG NIÐURSTÖÐUR

Verkefninu var skipt í fjóra megin hluta:


- Fosfólípíða módelkerfi úr þorski (*Gadus morhua*) – Þráahvatar úr blóði bleikju og þorsks (Verkþáttur 1)
- Áhrif andoxunarefna úr vökvafasa loðnu í fofólípíðamódelkerfi úr þorski (Verkþáttur 1)
- Skilgreining á innihaldsefnum og andoxunarvirkni í vökvafasa loðnu og þorsks (Verkþáttur 2)
- Áhrif suðu og viðbættra þráahindra úr loðnu og þörungum í fosfólípíðamódeli og í þorskhakki (Verkþáttur 3)

Fosfólípíða módelkerfi úr þorski (*Gadus morhua*) – Þráahvatar úr blóði bleikju og þorsks

Markmið þessa verkþáttar var að rannsaka oxun í þorskvöðva þar sem notast var við fosfólípíða-módelkerfi úr þorski til að ákvarða áhrif hvata úr blóði bleikju og þorsks á oxun í mögrum fiski. Þorskvöðva-módelið inniheldur þvegið hakk af þorski, þar sem búið er að fjarlægja allan brúnan vöðva af flakinu (Mynd 3). Þetta módelkerfi gefur grunn sem samanstendur af vöðvapróteinum og himnum og inniheldur náttúrulega himnubundna fitu úr þorskvöðva. Það líkist því raunverulegu ástandi án þess að hafa vatnsleysanlega þætti eins og þráahindra/-hvata sem fyrirfinnast náttúrulega í þorski. Eftir þessa meðferð má bæta þráahvötum (blóðrauða) út í módelið og fylgjast með þránun fosfólípíðanna sem eftir verða í frumhimnum þorsksmódelins. Þetta módel ætti að endurspegla þær breytingar sem geta orðið vegna oxunar við geymslu þorsks.

Blóðrauði úr tveimur íslenskum eldisfisktegundum frá Hólum; bleikju og þorski var notaður sem oxunarhvati, með það að markmiði að rannsaka hvort blóðrauði úr þessum ólíku fisktegundum framkalli mismunandi myndefni þránunar og/eða mismikla þránun.

Það er nýnæmi að skoða áhrif blóðrauða úr þessum tegundum í módelkerfi og þáttur í uppbyggingu íslenskra rannsókna á þessu sviði.



Mynd 3. Undirbúningur fosfólípíðamódelis úr hvítum bvegnum þorskvöðva

Hráefni í tilraunirnar var valið m.t.t. árstíma og ástands fisksins (tími frá hrygningu, áta o.fl) því þekkt er að breytingar verða m.a. á fituinnihaldi, óbundnum aminosýrum þorsks og loðnu eftir árstíma. Ástand þorsks er best á haustin og voru tilraunir með fiskvöðvamódel og hakk gerðar á haustmánuðum. Notaður var hakkaður magur fiskur (þorskur) sem hefur hátt hlutfall af fjölómettuðum fitusýrum í vöðva sem eru sérstaklega viðkvæmar gagnvart þránun. Með því að

hakka fiskinn og útbúa þannig safnsýni, fæst ekki einungis einsleitara sýni heldur hvetur hökkunin þránun og eykur líkur á að fá mælanlegar niðurstöður.

Niðurstöður: Blóðrauði hafði greinilega þráahvatavirkni og reyndist blóðrauði úr þorski hafa meiri virkni en úr bleikju. Þorskmóðelsýnin einkenndust af sætri, jarðar-, agúrku-, blóma- og þráalykt. Sterkasta lyktin var karamella og smjörlykt sem áttu uppruna sinn í acetoin, 3-metyl butanal og 2,3-pentandione, graslykt af hexanali, lykt af soðnum kartöflum (eða fiskilykt) sem er einkennandi fyrir cis-4-heptenal, sveppalykt frá 1-octen-3-ol, sæt, sítruslykt frá 2,4-heptadienali og agúrkulykt sem líklegast var af völdum 2,6-nonadienal. Þessi þrjú síðustu lyktarefni myndast við oxun á fitu.

Niðurstöður þessarar rannsóknar voru birtar í Journal of Aquatic Food Product Technology og á alþjóðlegri ráðstefni TAFT 2006 í Quebec í Kanada (sjá lista yfir útgefið efni í viðauka I).

Rósa Jónsdóttir, Margrét Bragadóttir, Guðrún Ólafsdóttir. (2007). The role of volatile compounds in odor development during hemoglobin-mediated oxidation of cod muscle membrane lipids. Journal of Aquatic Food Product Technology, Vol. 16(4) 2007: 67-86.

Guðrún Ólafsdóttir, Rósa Jónsdóttir, Margrét Bragadóttir. (2006). The role of volatile compounds in odor development during haemoglobin-mediated oxidation of cod muscle membrane lipids. Erindi flutti á 2nd Joint Trans-Atlantic Fisheries Technology Conference. Oct. 29 - Nov. 1st. Quebec City, Kanada. http://www.aftc.ca/TAFT2006/PPOINT_PRESENTATIONS/097.pdf .

Áhrif andoxunarefna úr vökvafasa loðnu í fósólípíða módelkerfi úr þorski

Í verkefninu var könnuð andoxunarmarkni í ferskri loðnu, sem ólíkt flestum feittum uppsjávarfiskum er þekkt fyrir stöðugleika og langt geymsluþol gagnvart þránun. Fyrri rannsóknir á Rf hafa sýnt að vatnsleysin efni úr loðnumjöli höfðu andoxunarmarkni í línolsýrumódeli og nánari mælingar á þeim sýndu að þau reyndust innihalda virka vatnsleysanlega þráhindra af flokki fenóla. Möguleg nýting loðnu í verðmætar afurðir felst m.a. í þessum áhugaverðu andoxunareiginleikum vatnsleysanlegra þátta í loðnu sem sýnt hefur verið fram á að eru til staðar í loðnumjöli. Hugsanlega mætti einangra þráhindra einnar fisktegundar (loðnu) til að auka stöðugleika annarrar tegundar (þorsks). Þetta gæti stuðlað að þróun nýrra þráhindra úr fiskafurðum. Rannsóknarspurningin var sú hvort að hægt væri að nýta andoxunarmarkni úr vökvafasa úr loðnu til að hindra oxun í þorskvöðva.

Hráefni í tilraunir var fengið í 5. og 9. viku ársins. Ástand loðnu er ákjósanlegast í ársbyrjun, en hér skiptir máli að fituinnihald fellur mjög hratt á þessum tíma og breytileiki er á samsetningu loðnunnar vegna hrygningar. Aðstæður við veiðar, vinnslu og meðhöndlun eins og kæling hefur mikil áhrif á gæði hráefnis. Uppruni hráefnis sem notað var í tilraunirnar og meðhöndlun þess var því vel skilgreint og mælingar gerðar á fitu, próteini, vatni, pH og TVB-N.


Niðurstöður: Loðnusoð og pressuvökvi úr loðnu var skoðað í fósólípíða módelkerfi úr þorski. Loðnusoðið í 9. viku sýndi andoxunarmarkni en pressuvökvinn þráhvatarmarkni miðað við módelkerfi án viðbætts vökvafasa úr loðnu. Loðnusoðið innihélt hærra magn próteins en hrár pressuvökvinn og CE niðurstöður bentu til þess að loðnusoðið innihéldi meira magn af peptíðum eins og anserine sem getur útskýrt andoxunarmarkni þess. Pressuvökvinn í 9.viku var útbúinn úr heilli loðnu, með blóði og innyflum sem getur skýrt þráhvatarmarkni hans. Mest einkennandi lyktarefni oxunar voru graslykt (hexanal), sveppalykt (1-octen-3-ol), þráa-, kartöflulykt (*cis*-4-heptenal og heptanal) og gúrkulykt. Niðurstöður tilrauna frá 5. viku þar sem notuð var hausskorin loðna án innyfla sýndu ekki eins afgerandi áhrif soðvökva og hrás pressuvökva í fósólípíðamódeli og skýringuna má hugsanlega rekja til mismunandi meðhöndlunar og ástands loðnuhráefnis (ferskara og fitumeira hráefni í 5. viku). Nú liggja fyrir drög að grein um þessa rannsókn sem áætlað er að birta í ritrýndu tímariti.

Rósa Jónsdóttir, Margrét Bragadóttir, Guðrún Ólafsdóttir. (2007). Antioxidant effect of aqueous phase of capelin (*Mallotus villosus*). 5th Euro Fed Lipid Congress and 24th Nordic Lipid Symposium Oils, Fats and Lipids: From Science to Applications - Innovations for a better World - 16-19 September 2007, Gothenburg, Sweden. (Veggspjald, sjá samantekt í viðauka I)

Guðrún Ólafsdóttir, Rósa Jónsdóttir, Margrét Bragadóttir. (2008). The effect of aqueous extracts from capelin (*Mallotus villosus*) on hemoglobin mediated oxidation of cod muscle membrane lipids. In preparation.

Skilgreining á innihaldsefnum og andoxunarvirkni í vökvafasa loðnu og þorsks

Markmið þessa verkþáttar var að skilgreina efnainnihald vökvafasa fisks til að fá upplýsingar



Mynd 4. Undirbúningur vökvafasa úr loðnu (heil eða flök) og þorskflökum

um hvaða þættir búa yfir andoxunarvirkni. Vökvafasinn inniheldur leysanleg prótein (sarcoplasmic prótein), ensím, pólýpeptíð, aminosýrur, blóðþætti Hb/Fe, amín (TMAO og bíógenísk amín), nukleotíð og ólífræn steinefni. Vökvafasi þorsks og loðnu var einangraður með skilvindu eftir að allur brúni vöðvinn hafði verið fjarlægður og mælingar gerðar á mismunandi þáttum eftir mólþunga (sjá Mynd 4). Uppleyst efni í vökvafasa hafa áhrif á bragð og lyktareiginleika fisks og hugsanlega einnig þráahindra- og/eða þráahvatavirkni.

Andoxunarvirkni getur t.d. tengst dípeptíðum (carnosine og anserine) og

einnig er þekkt að aminosýrur geti haft andoxunarvirkni. Auk þess eru aðrir próteinþættir sem geta haft þráhindravirkni. Mælingar á þessum efnum í mismunandi þáttum vökvafasans eftir mólþunga með hárpípu rafdráttartækni (capillary electrophoresis, CE) var liður í því að skilgreina betur í hverju þráahindrunin er fólgin. Aðferðin byggist á því að sýni, uppleyst í

fosfatbuffer lausn við mjög lágt pH, er látið ferðast eftir hárpípusúlu við háa spennu. Aðskilnaður mólíkúla byggist síðan á stærð þeirra og hleðslu. Amínósýrur og peptíð geta haft biturt bragð og neikvæð áhrif á afurðina, en einnig jákvæð áhrif eins og sætt bragð og lífvirkni t.d. andoxunavirkni. Nýnæmið og jafnframt óvissan í þessum verkþætti fólst m.a. í uppsetningu og aðlögun aðferða fyrir nýjan CE tækjabúnað til að greina þessa þætti (sjá viðauka IV). Mikill áhugi er á heilsuþætandi áhrifum lífvirkra peptíða og nýtast þessar aðferðir því jafnframt vel í öðrum verkefnum til að skoða samsetningu peptíða í fiski.

